

TRÚNAÐARMÁL

Tilfni: Fundur fulltrúa stjórnar Ferðafélags Íslands (FÍ) með forseta FÍ

Dagsetning: 01. júní 2022

Mætt: Anna Dóra Sæþórsdóttir (forseti FÍ), Ólöf Kristín Sívertsen og Pétur Magnússon (fulltrúar stjórnar FÍ).

Í umboði meirihluta stjórnar leggja fulltrúar hennar fram eftirfarandi tillögur að lausn þeirra mála er voru til umræðu á fundinum. Um er að ræða tímabundna tilhögun sem lögð er fram með hagsmuni FÍ og allra hlutaðeigandi að leiðarljósi.

- Tímabilið 1. júní -31. september 2022** mun forseti halda sig til hlés í störfum sínum sem forseti félagsins. Í því felst að hún mun hvorki vera í daglegum samskiptum við framkvæmdastjóra, stjórn né starfsfólk skrifstofu og beinir þeim erindum og fyrirspurnum sem henni berast áfram til framkvæmdastjóra/varaforseta til afgreiðslu. Í undantekningartilvikum gæti forseti þó þurft að sinna ákveðnum verkum eða málum. Ofangreindir fulltrúar stjórnar verða tengiliðir við forseta á tímabilinu og sjá um að leggja mat á slík undantekningartilvik ef þau koma upp. Þetta fyrirkomulag verður hvorki gert opinbert né tilkynnt utan stjórnar og framkvæmdastjóra á nokkurn hátt.
- Varaforseti mun sinna skyldum forseta FÍ á þessu tímabili. Í því felst stuðningur við framkvæmdastjóra, ákvarðanatáka og upplýsingagjöf til stjórnar eftir þörfum. Þess ber að geta að á tímabilinu er formleg starfsemi stjórnar jafnan í lágmarki þar sem um háannatímabil í starfsemi FÍ er að ræða. Ritari og gjaldkeri munu áfram sinna störfum sínum í tengslum við starfsfólk skrifstofu eftir þörfum og verða staðgenglar varaforseta ásamt því að vera varaforseta til stuðnings ef á þarf að halda.
- Í lok ágúst verður fenginn að málinu utanaðkomandi sérfræðingur í samskiptamálum. Viðkomandi aðili mun nýta septembermánuð til að skoða málið frekar og leggja fram, ef hægt er, tillögu/-r að næstu skrefum í átt að farsælum samskiptum og starfsumhverfi þar sem hagsmunir FÍ verða hafðir að leiðarljósi auk áherslu á að uppfylla meðal annars lög um aðbúnað, heilsu og öryggi starfsfólks. Stjórnin mun í kjölfarið kynna tillögur sínar að næstu skrefum fyrir forseta og framkvæmdastjóra í síðasta lagi 1. okt 2022.

Ítrekað er að málið er trúnaðarmál!

Undirskrift og samþykki fundarmanna:

Anna Dóra Sæþórsdóttir

Pétur Magnússon

Ólöf Kristín Sívertsen